

Umhverfisráðuneytið
Ingibjörg Halldórsdóttir
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. mars 2008
2007120004/42-2
JGO/KHS/mfb

Efni: Virkjun Svelgsár í Helgafellssveit: kæra vegna ákvörðunar Skipulagsstofnunar

Vísað er í bréf ráðuneytisins, dags 25. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um kæru vegna ákvörðunar Skipulagsstofnunar frá 11. janúar sl. um að 655 kW virkjun í Svelgsá í Helgafellssveit skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Kæra eiganda Svelgsár

Eigendur jarðarinnar Svelgsár í Helgafellssveit kæra með bréfi dags 11. febrúar sl. fyrirnefnda ákvörðun Skipulagsstofnunar. Þau telja óeðlilegt að Skipulagsstofnun skuli hafa fjallað um málið án þess að leita álits þeirra þar sem áin Svelgsá skiptir löndum jarðanna Svelgsár og Hrísa, en þar á virkjunin að rísa. Eigendur jarðarinnar Svelgsár vissu ekki að til stæði að virkja ána. Þeir benda á röskun á búsvæðum laxfiska og að áin verði þurr á kafla.

Náttúrufræðistofnun telur að sjónarmið eiganda Svelgsár hefðu átt að koma fram áður en Skipulagsstofnun tók ákvörðun um matsskyldu framkvæmdarinnar. Það verður reyndar að teljast óeðlilegt að hægt sé að tilkynna einstakar framkvæmdir til Skipulagsstofnunar, fjalla þar um matsskyldu og taka loks ákvörðun um hvort einstök framkvæmd sé háð mati - án þess að aðilar sem eiga ríkra hagsmunga að gæta (hér landeigendur) hafi af því nokkurn pata. Til að tryggja eðlilega aðkomu allra landeigand mætti t.d. breyta lögnum á þann hátt að skylt sé að auglýsa þær framkvæmdir sem Skipulagsstofnun fjallar um með þessum hætti á hverjum tíma. Að öðru leyti telur Náttúrufræðistofnun það ekki vera á sínu verkviði af fjalla um önnur efnisatriði í kæru eigandanna.

Kæra Fuglaverndar

Fuglavernd kærir fyrirnefnda ákvörðun Skipulagsstofnunar með bréfi dags 12. febrúar sl.

1. Fram kemur að náttúrufar við Svelgsá hafi ekki verið kannað og að upplýsingar þar um séu að skornum skammti. Náttúrufræðistofnun tekur undir þetta sjónarmið og hefur bent á það áður, sbr. bréf stofnunarinnar til Skipulagsstofnunar dags 13. desember sl.

2. Fuglavernd bendir á að litlar framkvæmdir geti valdið miklum spjöllum á viðkvæmri náttúru og nefnir m.a. virkjanir í Straumfjarðará og Fjarðará. Náttúrufræðistofnun er kunnugt um að framkvæmdir við Straumfjarðará hafi ekki verið í samræmi við kynningu framkvæmdaaðila hjá Skipulagsstofnun og að við ána var eitt mesta straumandarþéttbýli á landinu. Kjörlendi straumanda var raskað mikið með virkjun árinna.

3. Vísað er í samtöl við kunnugan heimamann, Trausta Tryggvason, sem bendir á að miklar burknabreiður séu við virkjanastaðinn hjá Svelgsá og eins verpi straumendur við ána, hugsanlega einnig gulendur og músarrindlar. Engar rannsóknir á gróðri hafa farið fram við Svelgsá, sem orð er á gerandi, eins og Náttúrufræðistofnun benti á í bréfi til Skipulagsstofnunar 13. desember sl. Hið sama á við um fuglalíf við ána.

4. Varðandi ábendingar um búsvæði fiska skal vísað í ofangreinda umsögn um kæru landeiganda.

5. Varðandi ábendingar Fuglaverndar um hugsanleg áhrif á arnarvarp er vísað til efnisatriða í bréfi Náttúrufræðistofnunar til Skipulagsstofnunar 13. desember sl. (sjá meðfylgjandi afrit af bréfinu).

6. Fuglavernd bendir á að ekki hafi verið unnið deiliskipulag varðandi virkjunina. Náttúrufræðistofnun telur það ekki vera á sínu sviði að fjalla um skipulagsmál.

7. Fuglavernd telur óljóst hversu stórt það svæði er sem virkjun Svelgsár kann að raska og að mannvirki gætu verið áberandi frá ýmsum sjónarhornum útivistarfólks, þar á meðal úr Drápuhlíðarfjalli. Náttúrufræðistofnun tekur undir þessa skoðun og bendir jafnframt á að Svelgsárhraun er algerlega óraskað sem og næsta umhverfi þess.

8. Fuglavernd telur að þekkingu á náttúrufari við Svelgsá sé ábótavant og að umrædd virkjun sé líkleg til að hafa neikvæð áhrif á varpsvæði fugla á valista sem og fiskistofna og landslag og því beri að meta umhverfisáhrif umræddrar framkvæmdar - en að lágmarki fari fram ítarleg náttúrufræðiskönnun á framkvæmdasvæðinu. Náttúrufræðistofnun tekur undir þá skoðun að meta skuli umhverfisáhrif fyrirhugaðrar virkjunar við Svelgsá og bendir jafnframt á að undirbúningi og byggingu margra smávirkjana í landinu hefur verið verulega ábótavant, sbr. skýrslu starfshóps frá febrúar sl., sjá http://www.idnadarraduneyti.is/Forsida_IVR/nr/2577. Þessar virkjanir eiga það allar sameiginlegt að hafa ekki farið í formlegt umhverfismat.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS